

13. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 9.sept 2014

Tími: kl. 16.30.

Staður: Leðrið

Mættar: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Helena Sigurðardóttir, Jón Stefán Baldursson, Herdís Zophaníasdóttir, Þuríður Árnadóttir.

1. Til umræður eru Hólavatnsferðir. Jóhann Þorsteinsson staðarhaldari á Hólavatni er gestur fundarins. Hann leggur áherslu á að upplýsingar berist skilvirktil þeirra foreldra sem fara með börnunum á Hólavatn. Jóhann er með upplýsingar á blöðum en einnig á PDF skjali sem hægt er að senda út til foreldranna. Æskilegt er að þeir foreldrar sem fara með komi við á planinu við MA, þaðan sem rútan fer, þó svo þeir fari á einkabílum og þá er hægt að fara yfir reglurnar með þeim.
Fyrsta Hólavatnsferð verður farin 25.september. Komið er tilboð frá FAB travel sem hljóðar upp 162.000.- Því verður tekið. Gisting á Hólavatni ásamt morgunmat er 1750/mann. Ákveðið er að rukka sama gjald og í fyrra 3500kr á barn. Gott væri að senda nemendum póst deginum áður og minna þau á að hafa peninginn til reiðu áður en lagt er af stað. Uppfæra þarf bréfin sem send voru út til foreldra og nemenda og senda þau út fyrir helgi. Eydís ætlar að sjá um það.
2. Helena las upp uppkast að skýrslu formanns sem lesin verður á aðalfundi næstkomandi mánudag. Nokkrar umræður og tillögur að breytingum komu fram.

Fundi slitið kl. 17.45

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.